



## Viðmið ÍSS fyrir tímabilið 2020-2021

Stjórn ÍSS gefur út viðmið fyrir afrekshópa og afreksefni við val á keppendum í landslið og þátttöku íslenskra keppenda á opnum mótum á vegum Alþjóðlega Skautasambandsins (ISU). Afreksnefnd vinnur eftir reglugerð ÍSS um fastanefndir.

### 1. Hlutverk afreksnefndar ÍSS

Út frá afreksstefnu ÍSS eru unnin viðmið fyrir hvert keppnistímabil. Afreksnefnd ÍSS hefur það hlutverk að fara yfir og halda utan um árangur keppenda sem koma til álitu í afrekshóp og í hóp afreksefna. Nefndin skilar álitu til Skautasambands Íslands um gengi keppenda og styrkleikaröðun ásamt því að fara yfir umsóknir til þátttöku á mótum erlendis og koma með tillögur að keppendum sem keppa fyrir hönd Íslands á ISU mótum. Afreksnefnd skilar álitu til stjórnar ÍSS um val á skautara ársins ásamt því að vinna að stefnumótun afreksmála í samvinnu við stjórn ÍSS.

Öllum niðurstöðum nefndar er skilað í skýrsluformi til stjórnar ÍSS til yfirferðar og samþykktar.

### 2. Afrekshópar og viðmið ÍSS 2020-2021

Aftekshópi og afreksefnum er boðið upp á margvíslega þjónustu á vegum ÍSS (sjá afreksstefnu ÍSS).

#### 2.1 Viðmið afrekshóp og hóp afreksefna

Keppendum ÍSS er skipt upp í þrjá hópa eftir frammistöðu og mati á Technical Element Score (TES): Afrekshópur, afreksefni og hæfileikamótun.

*Aftekshópur (TES)	Stutt prógram	Frjálst prógram
Senior Ladies: 15 ára og eldri	23.00	40.00
Junior Ladies: 13-18 ára	23.00	38.00

Í flokkum Junior og Senior þurfa keppendur að ná viðmiðum fyrir afrekshóp í bæði stuttu og frjálstu prógram á ISU móti. Ekki þarf að ná viðmiðum fyrir stutt og frjálst prógram á sama móti.

Afteksefni (TES)	Stutt prógram	Frjálst prógram
Senior Ladies: 15 ára og eldri	17.00	27.00
Junior Ladies: 13-18 ára	17.00	27.00
Advanced Novice: 10-15 ára	12.00	21.00

Í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior þurfa keppendur að ná viðmiðum fyrir afreksefni í bæði stuttu og frjálstu prógram á sama mótinu.



Í flokki hæfileikamótunar teljast þeir keppendur sem keppa í flokki Advanced Novice, Junior og Senior sem enn hafa ekki náð viðmiðum ÍSS.

## 2.2 Gjaldgengi í afrekshóp og hóp afreksefna

Þeir skautarar sem náðu 2020-2021 viðmiðunum á síðastliðnu keppnistímabili (2019-2020) eru nú þegar gjaldgengir í afrekshóp og hóp afreksefna fyrir tímabilið 2020-2021. Þetta á einnig við um þá keppendur sem flytjast á milli keppnisflokka þ.e. úr Advanced Novice í Junior og úr Junior í Senior. Skautari telst ekki keppandi í viðkomandi keppnisflokkum fyrr en hann hefur lokið keppni á a.m.k. einu innanlandsmóti í viðkomandi keppnisflokkum.

## 3. Val í landslið og á ISU mót

Við val keppenda í landslið og/eða á mót á sem eru á lista ISU er litið til margra samverkandi þátta.

### 3.1 Íslandsmeistaramót ÍSS

Þátttaka á Íslandsmeistaramóti er skilyrði. Skila þarf inn læknisvottorði ef skautari keppir ekki vegna veikinda eða meiðsla en vill koma til álita við val á mót.

### 3.2 Virk keppnisþátttaka

Skilyrði er að keppendur sýni fram á virka keppnisþátttöku á tímabilinu. Virk keppnisþátttaka telst að lágmarki eitt mót á haustönn og eitt mót á vorönn. Mót sem telja til virkrar keppnisþátttöku eru þau sem uppfylla skilyrði um protocol (sjá lið 3.6).

### 3.3 Virk þátttaka í verkefnum afrekshóps ÍSS

Skilyrði er að keppendur taki þátt í öllum verkefnum sem við koma þátttöku hjá ÍSS. Skautasamband Íslands fær styrki úr afrekssjóði ÍSÍ ef kröfur um virka afreksstefnu og þátttöku keppenda í afreksstefnu sambandsins eru uppfylltar. Það er því nauðsynlegt fyrir ÍSS að keppendur, sem teljast til afrekshóps og/eða afreksefnis taki þátt í afreksstarfi Skautasambandsins. Ef um sérstök tilfelli er að ræða er hægt að óska eftir undanþágu í gegnum afreknefnd.

Eftirfarandi verkefni verða á dagskrá á vegum ÍSS:

- Fræðsluerindi
- Æfingabúðir
- Viðtal við sjúkrapjálfa á vegum ÍSS
- Viðtal við afreksnefnd



### 3.4 Viðmið afrekshóps og hóp afreksefna

Þegar afreksefnd velur skautara til þátttöku á ISU móti koma aðeins tilgreina þeir skautarar sem náð hafa TES viðmiðum ÍSS á síðastliðnum 12 mánuðum. Sama mótið getur þó aldrei talið tvisvar sinnum.

### 3.5 Lágmarkskröfur fyrir innihald prógrama

Litið er til skylduæfinga (lágmarkskrafa) ISU í stuttu prógrami. Eftirfarandi viðmið gilda fyrir flokka Novice, Junior og Senior:

#### Novice

- Skyldustökk gefin út af ISU
- Allar píróettur verða að vera að lágmarki level 2.
- Sporasamsetning (StSq) verður að vera að lágmarki level 2.

#### Junior

- Skyldustökk gefin út af ISU
- Allar píróettur verða að vera að lágmarki level 2.
- Sporasamsetning (StSq) verður að vera að lágmarki level 2.

#### Senior

- Skyldustökk gefin út af ISU
- Allar píróettur verða að vera að lágmarki level 3 utan einnar sem má vera level 2
- Sporasamsetning (StSq) verður að vera að lágmarki level 2.

#### 3.5.1 Eftirfarandi gildir fyrir skil á innihaldi prógrama

- Stökk með value -5 eða << verða ekki talin sem uppfyllt element nema ef annað sé sérstaklega tekið fram.
- Ef skautari skilar tvöföldu stökki -5 eða << þar sem nægir að skila einföldu telst það gilt einfalt stökk. Ef skautari skilar þreföldu stökki -5 þar sem nægir að skila tvöföldu telst það gilt tvöfalt stökk.
- Ef skautari skilar öllum elementum nema einu í stutta prógrami má sækja eitt element í frjálst prógram.

#### 3.5.2 Junior skautara sem hyggjast keppa í Senior flokki á ISU móti

Skautarar geta sótt um að keppa í Senior flokki erlendis, en keppa áfram sem Junior skautari á ÍSS mótum, hafi viðkomandi aldur til. Viðkomandi skautari þarf að sýna lágmarkskröfur um innihald prógrams fyrir Senior í Junior prógrammi sínu.



- Keppendur þurfa að ná lágmarks Senior TES viðmiðum fyrir afrekshóp í stuttu Junior prógrammi.
- Skylduæfingar í junior prógrammi skulu innihalda lágmarkröfur ISU fyrir Senior flokk.
- Í æfingabúðum á vegum ÍSS þarf skautari að sýna frjálst prógram fyrir keppni í flokki Senior. Í undantekningar tilfellum er hægt að sækja um að sýna prógramið undir öðrum kringumstæðum.

### 3.6 Skil á protocolum

Öll protocol frá ÍSS mótum munu sjálfkrafa verða skoðuð og metin. Protocol frá alþjóðlegum mótum og opnum klúbbamótum, sem eru haldin samkvæmt ISU reglum, gilda einnig við skil á viðmiðum. Til að protocol séu metinn skal dómara- og tækniteymi samanstanda af:

- fimm dómurum og þrem tæknidómurum (TC/TS/ATS)
- lágmarki einum dómara og/eða einum tæknidómara með alþjóðleg réttindi. Æskilegt á báðum panelum.

Senda þarf inn beiðni um mat á protocoli og yfirlit yfir dómara fyrir ISU-, alþjóðlegum- og opnum klúbbamótum til Afreksnefndar. Senda skal inn úrslitasíðu protocols þ.e. fyrsta síðan eða linkur á úrslit móts og skal berast til afreksnefndar eigi síður en 7 daga eftir að keppni lauk. Athugið að protocol frá JGP, RIG og Norðurlandamóti munu vera metin sjálfkrafa. Skautafélög / þjálfari / keppandi (eldri en 18 ára) / forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á [afreksnefnd@iceskate.is](mailto:afreksnefnd@iceskate.is). Afgreiðslutími erinda er tvær vikur.

### 3.7 Þættir sem koma til álita og stigagjöf

Hér má finna alla þá þætti sem koma til álita við val í landslið og/eða við val á ISU mót. Stig eru gefin fyrir hvern þátt sem hér segir að undanskildu ákvæði um þátttöku á Íslandsmeistaramóti, virka keppnisþátttöku og virka þátttöku í verkefnum ÍSS:

- Þátttaka á Íslandsmeistaramóti er skilyrði (sjá 3.1)
- Virk keppnisþátttaka á keppnistímabili er skilyrði (sjá 3.2)
- Virk þátttaka í verkefnum afrekshóps ÍSS er skilyrði (sjá 3.3)
- Uppfyllt ISU viðmið um tæknieinkunn (TES) fyrir stutt prógram gefa 1.5 stig
- Uppfyllt ISU viðmið um tæknieinkunn (TES) fyrir frjálst prógram gefa 1.5 stig
- Uppfyllt ÍSS viðmið um tæknieinkunn (TES) um afreksefni gefa 2 stig
- Skil á innihaldi prógrama gefur 1 stig. Erfiðleikastig og framkvæmd elementa geta koma til álita (sjá töflu í kafla 3.5 hér að ofan)
- Meðaltal af heildareinkunn móta síðast liðinna 12 mánaða (Total Score) skilur aðeins á milli skautara ef þeir eru jafnir á ofantöldum stigum

ÍSS áskilur sér rétt til þess að kalla eftir læknisvottorði (ekki eldra en 6 vikna) um keppnishæfi og skal því skilað til afreksnefndar þremur vikum fyrir áætlaða keppni.



## 3.8 Dæmi um styrkleikaröðun

Þættir til álita	Jóna Jónsdóttir	Helga Helgadóttir	Sigrún Sigurðardóttir
Íslandsmeistaramót	Uppfyllt	Vottorð	Ekki uppfyllt
Virk keppnisþátttaka	Uppfyllt	Uppfyllt	Ekki uppfyllt
Virk þátttaka í verkefnum	Uppfyllt	Uppfyllt	Ekki uppfyllt
ISU - stutt	1.5		
ISU - frjálst			
Viðmið ÍSS TES (stutt og frjálst)	2	2	2
Skila á innihaldi stutt prógrams	1	1	1
<b>Heildar stigafjöldi viðmiða:</b>	<b>4.5</b>	<b>3</b>	<b>Kemur ekki til álita</b>

Eins og sjá má er Jóna Jónsdóttir með 4.5 stig og því hæst á stigum af þeim sem um ræðir og kemur því fyrst til álita. Þar á eftir kemur Helga Helgadóttir með 3 stig en Sigrún Sigurðardóttir kemur ekki til álita vegna fjarveru á Íslandsmeistaramóti þar sem hún skilaði ekki inn vottorði ásamt því að hafa ekki uppfyllt virka þátttöku í afreksverkefnum ÍSS.

Val fer einungis fram ef ÍSS á takmörkuð pláss eða svokallaðan kvóta á mót og ef ÍSS óskar eftir styrkleikaröðun fyrir ákveðin verkefni.



## 4. Keppnisþátttaka

### 4.1 Þátttaka á ISU mótum og alþjóðlegum mótum

Hægt er að óska eftir því til Skautasambandsins að einstaklingur í flokki afrekshóps/afreksefna fái að taka þátt á ISU móti og/eða alþjóðlegu (e. international) móti. Skautafélag/þjálfari/keppandi (eldri en 18 ára)/forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á [afreksnefnd@iceskate.is](mailto:afreksnefnd@iceskate.is). Ósk um þátttöku þarf að berast 2 vikum fyrir lokaskráningu viðkomandi móts. Ef ÍSS fær úthlutað takmörkuðum fjölda á mótið þarf val og styrkleikaröðun að fara fram áður en að skráning kemur og því mikilvægt að tímamörk séu virt. Athuga skal að RIG er hluti af mótum á ISU lista.

### 4.2 Þátttaka á alþjóðlegum félagsmótum (e. Inter-Club)

Þátttaka íslenskra keppenda á öllum mótum erlendis skal tilkynnast til Skautasambands Íslands. Ef óskað er eftir því að protocol mótsins séu tekin til greina eftir þátttöku skal lið 3.6 fylgt.

## 5. Skautari ársins

Stjórn ÍSS veitir viðurkenningu fyrir góðan árangur og fer sú viðurkenning til þess skautara, sem þykir hafa skarað fram úr á árinu og er skautaiþróttinni til fyrirmyndar. Titillinn er veittur í desember ár hvert og eru eftirfarandi þættir teknir til álita:

- Skautari þarf að hafa náð að minnsta kosti 16 ára aldri á því ári sem hann er veittur
- Íþróttamannsleg hegðun
- Virk keppnisþátttaka
- Virk þátttaka í afreksverkefnum ÍSS
- Árangur á ÍSS mótum
- Árangur á mótum erlendis
- Að lágmarkskröfum keppnisflokka sé mætt

Valið fer fram að loknu Íslandsmóti og veitir afreksnefnd stjórn ÍSS faglega ráðgjöf um valið. Niðurstöðu afreksnefndar skal fara fyrir stjórn ÍSS eins fljótt og auðið er.